

Ari Páll Kristinsson

# Innri breytileiki og málsnið. Athugun á mismunandi textum eins málnotanda

## 1 Inngangur

Í greininni er sagt frá lítilli rannsókn á því hvernig einn og sami málnotandi beitir máli sínu á mismunandi hátt eftir aðstæðum og málsniði.<sup>1</sup> Markmið athugunarinnar var að safna gögnum um málsniðsbundinn innri breytileika<sup>2</sup> í máli eins íslenskumælandi málnotanda þegar hann færir sig frá einu miðlunarformi til annars, og í framhaldinu að skýra breytileikann og túlka hvað í honum felst. Athugunin er sem sé framlag til rannsókna á innri breytileika meðal íslenskra málnotenda og veitir innsýn í það hvernig tiltekinn einstaklingur nýtir málnotkunarhæfni sína til að laga orðaval og formþætti að mismunandi málaðstæðum og eigin markmiðum.

Efniviður er sóttur í ritaða og talaða texta þjóðþekktts karlmanns, Gísla Marteins Baldurssonar<sup>3</sup>, í þremur mismunandi miðlum: tísti, vefpistlum og sem sjónvarpsmaður í tveggja manna samtölum. Í samanburðarskyni var hugað annars vegar að orðaforða og hins vegar að ýmsum setningarlegum fyrirbærum og orðræðueinkennum í öllum þremur textategundunum. Við greiningu á efniviðnum sést

<sup>1</sup> Bestu þakkir til ritstjóra og ónafngreindra ritrýna fyrir vandaðan yfirlestur og góðar ábendingar.

<sup>2</sup> Með *innri breytileika* (e. *intra-speaker variation*) er átt við tilbrigði í máli einstaklings.

<sup>3</sup> Rétt er að fram komi að hann hefur verið látinn vita af rannsókninni.

allskýr munur á nokkrum þáttum í málnotkun hans eftir því sem hann færir sig milli málaðstæðna og textategundanna þriggja.

Efniviður í rannsókninni sem sagt er frá hér á eftir er ekki mikill að vöxtum en greining á honum á erindi við lesendur *Orðs og tungu* vegna þess að ekki er mikið um athuganir á mismunandi málsniðum í íslensku og ef frá eru taldar stílrannsóknir á sviði bókmennta hefur lítið verið hugað að innri breytileika frá þessu sjónarhorni. Þá má benda á að tíst (Twitter) er fremur nýlegur miðill<sup>4</sup> sem gefur sérstakt tilefni til að taka einmitt tíst Gísla Marteins með í samanburðinn.

Gísli Marteinn Baldursson, f. 1972, hefur gegnt mismunandi hlutverkum á ferli sínum, m.a. sem þáttastjórnandi í sjónvarpi, stjórn-málamaður, álitsgjafi um þjóðmál og áhugamaður um bætt borgarlíf og betri borgarsamgöngur.<sup>5</sup> Athugunin er því á vissan hátt einnig framlag bæði til rannsókna á málnotkun í fjölmiðlum og í stjórnmálum. Gísli Marteinn er ekki síst heppilegt viðfangsefni vegna hins fjölbreytta sniðs sem textar hans bjóða upp á til samanburðar: tíst, vefpistlar og sjónvarpsþáttasamtöl. Textar Gísla Marteins Baldurssonar eru auðveldlega aðgengilegir þar sem þeir hafa verið birtir/fluttir á opinberum vettvangi. Einnig hentar efniviðurinn vel m.a. vegna þess að textarnir eru í stórum dráttum frá sama tíma í lífi málnotandans og fjalla að hluta til um sömu efni.

Safnað var efni, valið af handahófi, sem Gísli Marteinn hefur látið frá sér fara á þrenns konar vettvangi eða miðlum, á árunum 2015–2018. Í heild er textasafnið ekki stórt, liðlega 10 þúsund orð, og skiptist svo:

Textategund	Tegund miðils	Fjöldi orða
tíst	ritað mál (hámark 280 slög í senn)	4.500
vefpistlar	ritað mál	4.500
sjónvarpsþjall	samtöl, klippt	1.100

Tafla 1. Tegundir og umfang efniviðar í athugun á textum Gísla Marteins Baldurssonar.

<sup>4</sup> Twitter kom fram á sjónarsviðið 2006 en málfræðilegar rannsóknir á tístum á ensku urðu fljótlega mjög fjölskrúðugar, sjá t.a.m. yfirlit hjá Gillen og Merchant (2013).

<sup>5</sup> Athuganir á málfari tiltekinna einstaklinga úr opinberu lífi eru vel þekkt og viðurkennd leið í (félags)málvísindum. Meðal viðfangsefna má nefna stjórnmálamenn á borð við Tony Blair (Fairclough 2000, Pearce 2001), Söruh Palin (Purnell, Raimy og Salmons 2009), Ed Milliband (Kirkham og Moore 2016), Helga Hrafn Gunnarsson (Lilja Björk Stefánsdóttir 2016) og Steingrím J. Sigfússon (Lilja Björk Stefánsdóttir og Anton Karl Ingason 2018), sjónvarpsmanninn David Attenborough (McKenzie 2017) og Elisabetu Englandsdrottningu (Harrington 2006).

Vefpistlarnir fjalla mestmegnis um borgarmál, byggingar, umferð og fleira slíkt, stundum með skýrum pólitískum undirtóni. Tístin eru að nokkru leyti á sömu slóðum efnislega en þar að auki er vikið að ýmsu öðru, pólitík og skoðanakönnunum, dægurmenningu svo sem kvikmyndum, söngvakeppni og íþróttauðslitum og fjölmiðlum, m.a. að þáttum Gísla Marteins sjálfs. Sjónvarpsþættirnir tveir, *Þú ert hér*, eru eins konar portrettviðtöl við tvo þekktu einstaklinga í menningarlífinu (einn viðmælanda í hvorum þætti), Þórarín Eldjárn og Margréti Kristínu Blöndal (Möggu Stínu). Um er að ræða ritstýrt (klíppt) sjónvarpsefni, þ.e. ekki sent út beint.

Efnisskipan greinarinnar er þannig að 2. kafli setur viðfangsefnið í almennara samhengi þar sem rakið er hvernig breytileika í málnotkun má skoða í ljósi félagslegra bakgrunnspátta, eftir málfræðilegu umhverfi og eftir þeim málaðstæðum sem um ræðir hverju sinni og þeirri félagslegu merkingu sem felst í tjáningunni. Þá er fjallað um málnotkunarhæfni sem hluta málkunnáttunnar, um málsniðshugtakið og um nokkrar hugmyndir sem settar hafa verið fram til glöggvunar á því hvernig málnotendur nýta málnotkunarhæfni sína til að bregða fyrir sig mismunandi málsniðum. Í 3. kafla segir síðan frá athugun á innri breytileika í þremur mismunandi tegundum rit- og taltexata í meðförum Gísla Marteins Baldurssonar. Í undirköflum 3.1–3.3 er sagt frá niðurstöðum um hin mismunandi málsniðseinkenni textanna og þær ræddar. Í 4. kafla er efnið tekið saman og greining niðurstaðna sett í víðara samhengi.

## 2 Tilbrigði í íslensku og málsnið

### 2.1 Tilbrigði af ýmsum toga

Í íslensku er sem kunnugt er svolítt breytileiki eftir félagslegum bakgrunni. Sá breytileiki stendur þó tæpast undir nafni sem mállýskumunur í þeim skilningi sem lagður hefur verið í mállýskuhugtakið í nágrannalöndunum; betur ætti við að tala hreinlega um breytileika eða um tilbrigði eins og nú er gert í vaxandi mæli.

Tilbrigði í framburði og orðavali eru eflaust þekktust enda eru þar alloft á ferð fyrirbæri sem almennir málnotendur heyra glögg og taka eftir ef munur er á tali viðmælanda og þeirra sjálfra. Í því sambandi má t.d. nefna raddaðan framburð eða vestfirskan einhljóðaframburð og að hinu leytinu tiltekin orð, á borð við *eldhússbekkur* eða *mæra*.

Framburðaratriði nutu lengi vel mestrar athygli rannsakenda, einkum í svonefndum mállýskurannsóknum Björns Guðfinnssonar (1946) á fimmta áratugnum og framburðarrannsóknum undir stjórn Höskuldur Þráinssonar og Kristjáns Árnasonar (1992 o.v.) á þeim níunda.

Á síðari árum hafa verið gerðar umfangsmiklar athuganir á breytileika í íslenskri setningagerð og sýnt hefur verið fram á breytileika eftir aldri, menntun og búsetu – og þá ekki aðeins hvað varðar „gamla kunningja“ á borð við þágufallshneigð (sjá t.a.m. Jóhannes Gísla Jónsson og Þórhall Eyþórsson 2003, Þórhall Eyþórsson 2017, sbr. Ástu Svavarsdóttur, Gísla Pálsson og Þórólf Þórlindsson 1984) og fáein fleiri setningarleg fyrirbæri sem hafa fengið nokkra athygli í almennri umræðu í samfélaginu, svo sem notkun á *vera að* með nafnhætti (Höskuldur Þráinsson og Theódóra A. Torfadóttir 2015, Theódóra A. Torfadóttir 2017) eða svonefnda nýja þolmynd (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eyþórsson 2015, Sigríður Sigurjónsdóttir 2017), heldur einnig ýmis önnur atriði sem ætla má að málnotendur almennt velti sjaldnar fyrir sér, t.d. því hvort sögn er í öðru eða þriðja sæti í aukasetningum (sbr. Höskuldur Þráinsson og Ásgrím Angantýsson 2015) ellegar ýmis fallmörkunarfyrirbæri önnur en þau er varða þágufallshneigð (sbr. Höskuldur Þráinsson, Þórhall Eyþórsson, Ástu Svavarsdóttur og Þórunni Blöndal 2015).

Auk rannsókna sem leita tengsla milli breytilegrar málnotkunar fólks og hefðbundinna félagslegra bakgrunnspátta (búsetu, aldurs, kyns o.s.frv.) hafa athuganir sýnt breytileika í íslensku málfari og orðavali eftir textategundum og ytri aðstæðum, m.ö.o. eftir mál-sniði, eins og nánar er rætt hér á eftir. Þar má nefna skýran mun á notkun aðkomuorða<sup>6</sup> á borð við t.a.m. *dánlóða* eða *djónkfúd*, sem eru hlutfallslega fátíðari í textum sem eru í formlegri kantinum, meira undirbúnir og gjarna ritaðir, í samanburði við texta sem eru óformlegri, minna undirbúnir, hversdagslegri og gjarna talaðir (sbr. t.a.m. Ástu Svavarsdóttur, Paatola og Sandøy 2010). Fram kom í viðtölum Hönnu Óladóttur (2009) við 24 íslenska málnotendur það almenna mat að formlegar aðstæður og textar kalli á að sneiða hjá aðkomuorðum og þá einkum þeim sem teljast lítt eða ekki aðlöguð. Athugun á mati fólks á því hvaða málsnið hæfði mismunandi textategundum (Ari Páll Kristinsson og Hilmarsson-Dunn 2013, 2015) leiddi í ljós

<sup>6</sup> Hugtakið *aðkomuorð* er haft um orðaforða sem fenginn er úr erlendum málum. Aðkomuorðum er síðan skipt í *tökuorð*, þ.e. orð sem eru aðlöguð viðkomandi máli (hér íslensku) að mestu eða öllu leyti, og *framandorð*, þ.e. aðkomuorð sem notuð eru því sem næst í hrárrí erlendri mynd.

að slík orð þættu ekki henta ritstýrðum rituðum textum á borð við kennslubækur, skýrslur og dagblöð en hluta þátttakenda þótti þau vel geta átt heima í óformlegri textategundum á borð við færslur á Facebook og persónulegt blogg. Loks má nefna rannsókn Ara Páls Kristinssonar (2009) sem sýndi margháttaðan mun á málsniði í útvarpsfréttum annars vegar og dægurmálaþáttum í útvarpi hins vegar.

Breytileiki og tilbrigði í íslensku sem oftast hafa verið athuguð í textum eða öðrum könnunum, svo sem með dómum málnotenda um setningar og orðalag, hafa helst snúið að minni eða stærri hópum málnotenda í senn. Full ástæða er hins vegar til að gefa innri breytileika einstakra málnotenda meiri gaum, sbr. kafla 2.2.

## 2.2 Athuganir á innri breytileika

Athuganir af því tagi sem nefndar eru í 2.1 veita yfirlit yfir málnotkun fólks í minni og stærri hópum, sem flokka má nánar, meðal annars eftir félagslegum bakgrunnþáttum. En jafnframt þeim hafa rannsóknir á tilbrigðum í íslensku einnig dregið fram að þar má finna ákveðinn innri breytileika.

Í athugunum Björns Guðfinnssonar á fimmta áratug síðustu aldar var t.a.m. skráður svonefndur blandaður framburður fólks. Þar kom t.d. fram að um 8% barna í Reykjavík báru /p, t, k/ milli sérhljóða stundum fram [p<sup>h</sup>], [t<sup>h</sup>], [k<sup>h</sup>] og stundum [p], [t], [k] og segir Björn í því sambandi að ýmsir fullorðnir linnmeltir málnotendur í Reykjavík séu að reyna að tileinka sér harðmæli og leitist jafnframt við að beina framburði barna sinna í þá átt (Björn Guðfinnsson 1946:159). Hér er sem sé ekki aðeins heimild um innri breytileika í framburði reykviskra barna heldur jafnframt tilgáta til skýringar á a.m.k. hluta slíkra tilvika, þ.e. að harðmæli hafi beinlínis verið haldið að börnum og væri þá gert ráð fyrir að þau hafi brugðið því fyrir sig annað slagið þótt þeim væri það annars ekki nærtækast í daglegu tali.

Í gögnum sem safnað var í RÍN-rannsóknum Höskuldar Þráinssonar og Kristjáns Árnasonar á níunda áratug síðustu aldar voru einnig skráð margvísleg dæmi um blandaðan framburð. Fram kom t.d. að 21% húsviskra ungmenna (10–20 ára) bar /ngl/ stundum fram [ŋkl] og stundum [ŋl] (Kristján Árnason 2005:377).

Þá er það ekki síður athyglisvert að í framburðarprófum RÍN hafði framburðurinn [tn] og [tl] „reynst talsvert algengari“ en [rtn] og [rtl] þegar spjallað var við fólk og það látið lýsa myndum en

síðarnefndu tilbrigðin voru algengari þegar texti var lesinn af blaði og getur Kristján í þessu sambandi um stílsmun eða gildismun á framburðarabrigðunum tveimur (Kristján Árnason 2005:386). Má af þessu sjá hvernig sami málnotandi kann að bregða fyrir sig mismunandi tilbrigðum eftir samskiptaaðstæðum – og rétt er að gefa því gaum hér að málaðstæðurnar sem lýst er (spjall/upplestur) eiga sér hliðstæðu í kvarða Labovs (1972) sem nánar verður lýst hér á eftir.

Lilja Björk Stefánsdóttir (2016) bar saman tiltekin framburðareinkenni í máli eins karlmanns, Helga Hrafn Gunnarssonar, annars vegar í fremur óformlegu sjónvarpssamtali 2005, þar sem eingöngu venjulegur algengur reykvískur framburður kom fyrir hjá honum, og hins vegar í þingræðum hans frá 2013 og 2014. Helgi Hrafn var kjörinn á þing 2013. En í þingræðu 2014 kemur fram nýmæli í framburði hans sem hvorki bar á 2005 né 2013. Nú var hann stundum harðmæltur (*breytingar, netinu*) en stundum þó ekki (*Píratar, hóta*). Lilja Björk (2016:21) telur að þetta sýni „viðleitni til að tala gott og vandað mál“. Í þingræðu 2014 notar hann að auki vestfirskan einhljóðaframburð í *fanga, langt* en annars tvíhljóðaframburð (*fangelsismál, fangelsisrefsingar*). Lilja Björk (2016:21) telur greinilegt að harðmælið og einhljóðaframburðurinn sýni meðvitaða viðleitni þessa málnotanda til að breyta máli sínu.

Lilja Björk Stefánsdóttir og Anton Karl Ingason (2018) könnuðu stílfærslu í þingræðum Steingríms J. Sigfússonar á árunum 1990–2013. Fram kom að þetta tilbrigði í setningagerð var breytilegt í þingræðum hans frá einu tímabili til annars á þeim hluta stjórn málaferilsins sem var kannaður. Þótt rannsóknin hafi einkum beinst að breytingum í máli þessa einstaklings út frá aldurs skeiðum hans og stöðu skiptir hún einnig máli fyrir viðfangsefni þessarar greinar vegna þess að stílfærsla er fremur ritmálslegt einkenni og tengist formlegu máli, eins og Lilja Björk og Anton Ingi (2018:1) benda á. Meðal áhugaverðra niðurstaðna Lilju Bjarkar og Antons Inga er að notkun Steingríms á stílfærslu virtist haldast í hendur við mismikið hlutverk hans á hverjum tíma í stjórn málum og landstjórninni. Þannig fjölgaði dæmum um stílfærslu til muna þegar Steingrímur varð fjármálaráðherra í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Lilja Björk og Anton Ingi túlka niðurstöðurnar með málmarkaðshugtakinu (í útfærslu Sankoffs og Laberge 1978) á þann hátt að aukinnar notkunar stílfærslu hefði einmitt mátt vænta vegna mjög mikils málmarkaðsgildis Steingríms á þeim tíma: „Sigfusson’s linguistic market value is extremely high in this period“ (Lilja Björk Stefánsdóttir og Anton Karl Ingason 2018:8).

Hjá Ástu Svavarsdóttur (2013:97) kemur fram að í yfirlitskönnun um setningar með breytilegu frumlagsfalli bendi dómár málnotenda skýrt til þess að sami einstaklingur geti samþykkt bæði þolfall og þágufall á sama frumlagi og með sömu sögn „eða m.ö.o. að sumir málnotendur geti ýmist sagt *mig vantar* eða *mér vantar* eða a.m.k. sætt sig við hvort tveggja“. Þegar sérkönnun var gerð á raunverulegri málnotkun í svolitlu úrtaki fengust nánari upplýsingar, þar á meðal dæmi um einstakling sem notaði sögnina *langa* 20 sinnum, þar af 19 sinnum með þolfallsfrumlagi (*mig, þig*) en einu sinni með þágufallsfrumlagi, *mér* (Ásta Svavarsdóttir 2013:106). Þarna má því sjá staðfest notkunardæmi frá sama málnotanda um mismunandi frumlagsfall með sama sagnorði og sömu persónu og tölu frumlags.

Dæmin um breytilegan framburð á *rtn/rtl* (Kristján Árnason 2005:386), dæmin um harðmæli og vestfirskan einhljóðaframburð Helga Hrafns Gunnarssonar í ræðustól Alþingis (Lilja Björk Stefánsdóttir 2016) og sveiflurnar í tíðni stílfærslna í þingræðum Steingríms J. Sigfússonar í sömu pontu (Lilja Björk Stefánsdóttir og Anton Karl Ingason 2018), benda til áhrifa umhverfis og málaðstæðna á innri breytileika og undirstrika félagslega merkingu málbeitingarinnar.

Sennilega er það oftast meðvitað þegar málnotandi tekur á full-orðinsaldri upp á því að beita fremur fágætum framburðaratriðum á borð við vestfirskan einhljóðaframburð, t.d. í þingræðum. Margar athuganir hafa raunar bent til þess að einmitt framburðareinkenni í málsamfélögum víða um heim séu vel til þess fallin að koma til skila kerfisbundinni og sértækri félagslegri merkingu (Garrett 2010:116).

Innri breytileiki kann að ráðast af eðlisólíkum þáttum sem til hægðarauka mætti nefna innri og ytri þætti. Í rannsóknum sem byggjast á gögnum um raunverulega málnotkun og rannsóknum sem styðjast við dómasetningar getur tekist að leiða í ljós innri breytileika þar sem málkerfi þátttakandans virðist bjóða upp á tilbrigðin án þess að valkostirnir séu endilega skilyrtir af ytri þáttum. Í rannsóknum á dómum málnotenda – hvort þeir samþykki eða ekki tiltekna setningarformgerðir, fallnotkun o.s.frv. – er gjarna stuðst við tilbúna dæmasetningar án þess að texta- og samskiptalegt samhengi sé tilgreint ýkja nákvæmlega og raunar getur verið torvelt að átta sig á hvaða málaðstæður hver þátttakandi sér helst fyrir sér þegar dómurinn fellur.

Ytri þættir hljóta hins vegar að teljast nærtækari heldur en innri þættir sem skýring á innri breytileika ef sýna má fram á að innri breytileikinn birtist í beinu samhengi við mismunandi málaðstæður

og textategundir. Hvað varðar breytilegt frumlagsfall má í þessu sambandi nefna rannsókn Finns Friðrikssonar (2004:177–178) þar sem þágufallshneigðar varð ekki vart í rituðum textum tiltekings hóps en á hinn bóginn kom hún fram í 14% dæma í töluðu máli hjá hinum sömu málnotendum. Hér blasir við að muninn eigi ekki að skýra sem tilviljun óháð miðli (tali/ritun) heldur hafi textategund, samskiptaaðstæður, undirbúningur, viðhorf og viðleitni málnotenda til að birta ákveðna mynd af sér í tilteknu samhengi, þ.e. atriði utan við málkerfið í þröngum skilningi, haft þau áhrif á hluta þátttakendanna að þeir sneiða a.m.k. stundum hjá þágufallsfrumlagi í ritun. Formleg og óformleg málstýring kann að hafa skilað sér í því að einhver hluti þátttakendanna hafi tileinkað sér að vera á varðbergi í vissum mál-aðstæðum, m.a. við ritun og til að sýna sig í „viðeigandi“ hlutverki, þ.e. búi við þá skilyrðingu að tilteknar ópersónulegar sagnir ræsi aðgæslu með falli frumlagsins, í stað þess að frumlagsfallið ráðist, óáreitt, af ómeðvitaðri virkni málkerfis þeirra.

Eins og áður var nefnt hefur verið sýnt fram á að málfræðilegt umhverfi – persóna og tala frumlags – hefur sín áhrif á dreifingu hvað varðar innri breytileika við val frumlagsfalls. Rannsókn Ástu Svavarsdóttur (2013:102) leiddi í ljós að þolfallsfrumlögin *mig* og *þig* með ópersónulegu sögnunum í könnun hennar voru hlutfallslega miklu algengari en þegar um var að ræða 3. persónu fornöfn eða aðra nafnliði. Sams konar niðurstöður er að finna í rannsókn Irisar Eddu Nowenstein (2012:19), þ.e. að þágufallshneigðar gæti síst í 1. persónu eintölu.

Þessi munur einkennir ekki aðeins mál fullorðinna. Rannsókn Irisar Eddu á gögnum úr máltöku barna sýnir sama mynstur, sem sé að þolfall var langalgengast hjá börnunum einmitt með 1. p. et. (Iris Edda Nowenstein 2014:56). Iris Edda (2014:67) ályktar að innri breytileikinn virðist „eiga rætur sínar að rekja til máltökunnar og vera þar af leiðandi hluti af málkunnáttunni, frekar en að endurspeglar meðvitaðar leiðréttingar sem [séu] í raun lærd hegðun“.

Samt sem áður er það mat Irisar Eddu (2014:74) að „ekki [sé] ástæða til þess að afneita algjörlega áhrifum félagsmálfræðilegs gildis þágufallshneigðar, sérstaklega þar sem þekkt er að fullorðið fólk „leiðrétti“ mál sitt að einhverju leyti út frá félagsmálfræðilegum breytum“. Þær leiðréttingar á eigin málfari sem Iris Edda víkur þarna að koma einmitt vel heim og saman við umræðuna hér á undan um áhrif ytri þátta á innri breytileika í notkun frumlagsfalls.

Í 3. kafla hér á eftir er sagt frá lítilli athugun á breytilegu málfari



eins málnotanda og má segja að þar sé ákveðinn skyldleiki við rannsóknir Lilju Bjarkar (2016), Lilju Bjarkar og Antons Inga (2018), Ástu (2013) og Irisar Eddu (2012, 2014), þ.e. rannsóknin lýtur að innri breytileika í íslensku. Í athuguninni sem hér er sagt frá er megin-útgangspunkturinn hvorki málfræðilegt umhverfi einstakra breytna í hefðbundnum skilningi, né heldur hefðbundnir félagslegir bakgrunnspættir og uppruni málnotenda, heldur er horft fyrst og fremst á breytileika í máli einstaklingsins í ljósi hinna mismunandi aðstæðna og textategunda sem um ræðir og félagslegrar merkingar sem felst í málnotkun hans í mismunandi samhengi.

## 2.3 Málsnið og málnotkunarhæfni

### 2.3.1 Um málsniðshugtakið og beitingu ólíkra málsniða

Áður en lengra er haldið er rétt að fara nokkrum orðum um hvaða skilning má leggja í hugtakið *málsnið* enda er viðfangsefni greinarinnar að skoða breytilegt málsnið tiltekins málnotanda. Hugtakið samsvarar því sem á ensku hefur ýmist verið nefnt *style* eða *register*. Douglas Biber, sem hefur um árabíl rannsakað breytilega málnotkun í mismunandi textategundum, hefur notað orðið *register* um málbrigði skilgreind út frá málaðstæðum og eftir einkennandi málfræðipáttum og orðanotkun.<sup>7</sup> Þá er heitið *register* líklega oftast en *style* t.a.m. haft um einkennandi málnotkun tiltekinnar starfsstétta. Þrátt fyrir vissan mun á blæ og notkun virðast orðin *style* og *register* oft notuð nánast sem samheiti. Með báðum þessum heitum er átt við kunnulegar málnotkunartegundir í málmenningunni, ásamt þeim félagsmálvísindalegu ferlum sem festa tegundirnar í sessi og gera kleift að nýta þær og endurskapa við notkun.<sup>8</sup> Í ensku fræðimáli er líkast til orðið algengara að finna heitið *style* en *register*. Það tengist jafnframt breyttum rannsóknaráherslum og kenningum innan félagslegra málvísinda þar sem skoðaðir eru ýmsir fleiri þættir í táknafræði mannlegrar hegðunar en málnotkunin ein og sér (sjá t.a.m. Eckert 2012).

<sup>7</sup> Sbr. Biber (2006:11): „situationally-defined varieties described for their characteristic lexico-grammatical features“.

<sup>8</sup> Sbr. Mortensen, Coupland og Thøgersen (2017:20 nmgr. 2): „both terms provide shortform reference to culturally recognizable modes of language use and to the sociolinguistic processes through which they are consolidated and then exploited and reshaped in usage“.

Komin er heilmikil hefð fyrir rannsóknnum á því hvernig ýmis einkenni máls og málnotkunar birtast á ólíkan hátt við mismunandi aðstæður. Málform, t.a.m. orðaval, framburður eða setningagerð, eru þá gjarna skilgreind nokkuð nákvæmlega sem breytur, og síðan er hin mismunandi tíðni tilbrigðanna tengd við ytri aðstæður málnotkunarinnar, formleika, textategundir o.fl. Stundum er aðeins ein eða fáeinir breytur til athugunar hverju sinni, og í sumum rannsóknnum eru hinir ytri þættir skilgreindir eingöngu í fremur grófum dráttum (t.d. „hversdagslegt“ annars vegar og „formlegt“ hins vegar). Í öðrum tilfellum er um að ræða viðamiklar rannsóknir, á stærri málheildum; reynt að skoða fjölmargar setningarlegar og orðfræðilegar breytur í senn og kanna tíðni tilbrigðanna í mörgum textategundum í samanburðarskyni.

Biber (1988:67; 1995) hafði t.a.m. 23 textategundir undir í rannsóknnum sínum á efniviði sem nam hátt í milljón lesmálsorða. Sem dæmi um íslenska rannsókn þar sem stuðst var við nálgun í þessum anda má nefna Ara Pál Kristinsson (2009:30–31) í athugun á máleinkennum útvarpsfrétta og dægurmálaefnis í útvarpi; þar var gengið út frá því að málsnið mætti skilgreina sem mengi máleinkenna sem fylgdu greinilegu mynstri eftir textategund, samskiptaaðstæðum og undirbúningstíma. Byggt var m.a. á nálgun sem beitt hafði verið í rannsóknnum á norsku útvarpsmáli (Vagle 1991) en útfærsla athugunarinnar studdist m.a. við rannsóknir Bibers og féлага og þær aðferðir sem lýst er t.a.m. hjá Biber, Conrad og Reppen (1998) þar sem margar málbreytur eru skilgreindar og mismikil tíðni þeirra athuguð og borin saman í mismunandi textum. Þessi aðferðafræði er engan veginn úrelt og hefur t.a.m. verið beitt í nýlegri rannsókn á tístum á ensku þar sem 96.000 tístum var slegið saman í gagnasafn og það síðan borið saman við annað gagnasafn (Coates 2016).

Segja má að málsniðshugtakið sé fremur haft sem greiningartæki en skýringartæki í hinni hefðbundnu nálgun sem lýst hefur verið hér á undan. En undanfarna áratugi hafa rannsakendur beint athygli sinni í meira mæli að sjálfsmýnd málnotenda, frumvirkni þeirra (e. *speaker agency*) og hvata til að reyna að hafa áhrif á þá félagslegu merkingu sem felst í málhegðuninni og þar með málsniðinu, sbr. t.a.m. Eckert (2000, 2012, 2019) eða Schilling-Estes (2002:388–394). Þá er undirstrikað að málnotendur velja sér – fremur en að þeir láti velja handa sér – tilteknar leiðir í málnotkun. Í raun og veru er hér um að ræða útvíkkun á viðfangsefni hinna hefðbundnari málsniðsrannsókna (sbr. umræðu hér á undan um hugtakið *style* í víðari skilningi)

ásamt dýpri fræðilegri túlkun á þeim empírísku niðurstöðum sem samanburður á formþáttum leiðir í ljós.

Í þessu sambandi má nefna sem dæmi rannsókn á því hvernig ungir einstaklingar í efri lögum samfélagsins í alþjóðlega fjármála-geiranum í Peking beita tilteknum hljóðkerfisþáttum til að skapa sér nýtt heimsborgaralegra málbrigði þannig að annar og nýr fram-  
burður greini þá frá málnotkun opinberu starfsmannanna í borginni (Zhang 2005). Þá má einnig nefna rannsókn Podesva (2007) sem dæmi en þar er viðfangsefnið innri breytileiki. Sýnt er hvernig un-  
gur karlmaður, Heath, beitir falsetturödd eða hærri grunntíðni (F0) raddar sinnar kerfisbundið á mismunandi hátt, m.a. eftir því hvort hann er t.d. í grillveislu eða annars staðar, þannig að félagsleg merking máleinkennisins samræmist hlutverkinu (e. *persona*) sem hann byggir upp og er hluti af sjálfsmýnd hans sem samkynhneigðs karlmanns. Sem dæmi um íslenskar rannsóknir sem leggja áherslu á frumvirkni málnotandans þegar niðurstöður eru túlkaðar má nefna áður nefnda greiningu Lilju Bjarkar Stefánsdóttur og Antons Karls Ingasonar (2018) á stílfærslu í máli Steingríms J. Sigfússonar.

Í stuttu máli má segja að rannsóknir á málsniði hafi orðið víðtækari í þeim skilningi að ekki sé látið nægja að skoða málsnið sem tiltekin afmörkuð málform sem tengist tilteknum afmörkuðum aðstæðum, heldur sé undirstrikað hvernig málsnið taki þátt í því með öðrum táknerfum sem málnotandinn hrærist í, t.a.m. með fatnaði og fasi, að skapa og sýna sjálfsmýnd eða það hlutverk (e. *persona*) sem einstaklingurinn byggir upp (Eckert 2019:4).

Athuganir á málsniðum veita sem sé ekki aðeins upplýsingar um hvaða breytileiki kemur til greina í tilteknu tungumáli og í tilteknu samhengi heldur líka hvernig málnotendur nýta mismunandi mál-  
snið til að skilgreina eða staðsetja sjálfa sig gagnvart umhverfinu. Athugunum á tilteknum máleinkennum í ákveðnum aðstæðum má þannig fylgja eftir með því að huga að afstöðu eða afstöðuleysi mál-  
notenda gagnvart eigin málnotkun og annarra, hvort tilbrigði í máli eru þeim meðvituð eða ómeðvituð, ráða í túlkun þeirra á félagslegri merkingu samskiptanna og hvernig málbeitingin tengist öðrum þátt-  
um í fari þeirra.

Málnotendur geta á augabragði skipt um málsnið ef svo ber und-  
ir. Aðstæður, miðill og félagsleg merking samskiptanna og tjáning-  
arinnar getur stýrt (og skýrt) breytileika í málhegðun, og af því að málnotendur geta sífellt lent í nýjum málaðstæðum og eru ávallt að staðsetja sig í samhenginu hverju sinni verður að líta svo á að

hæfileikinn til að skipta um eða aðlaga málsniðið (m.ö.o.: málnotkun-arhæfnin) sé eitt mikilvægasta einkennið á málnotkun fólks.

Hvað varðar skýringar fræðimanna á því hvernig og hvers vegna einstakir málnotendur bregða fyrir sig mismunandi málsniðum má segja að skýringanna hafi aðallega verið leitað með tvenns konar mismunandi nálgun og er það í samræmi við þær mismunandi rannsóknaráherslur og útfærslur á málsniðshugtakinu sem ræddar voru hér á undan.

Framan af var mest lagt upp úr þeirri hugmynd að málhegðun fólks geti verið mikið til fyrirjáanleg í ljósi ytri aðstæðna hverju sinni, þ.e. að val á máleinkennum/málsniði væri í raun og veru háð ýmsum hömlum sem ríkjandi viðmið um viðkomandi samskiptaaðstæður setja málnotendum. Nærtækast er að benda á frumkvöðulinn Labov (1972, sbr. einnig 2001) sem fulltrúa þessarar meginhugmyndar en margir aðrir hafa í grunninn svipaðan útgangspunkt, t.a.m. Finegan og Biber (1994, 2001), Biber (1995) o.fl. Á seinni árum hefur verið horft frekar á sjálfan málnotandann í hverju tilviki og hvað geti búið að baki breytileika í málnotkun hans annað en beinar ytri skorður sem aðstæður setja og viðteknar hefðir samfélagsins. Þetta á við um málnotkun almennt en einnig í sambandi við rannsóknir á málfari í talmiðlum sérstaklega (Androutsopoulos 2017:240).

Labov (1972) setti fram eins konar kvarða – hversdagslegt samtal, formlegt samtal, upplestur á a. samfelldum texta, b. orðalista, c. lágmarkspörum – þar sem málsnið væri talið breytast kerfisbundið í takt við málaðstæðurnar. Hann gengur út frá því að fólk veiti málnotkuninni mismikla athygli (e. *attention to speech*, 1972:99, 208) eftir því hvar málaðstæðurnar standa í hverju tilfelli miðað við þennan kvarða. Enda þótt Labov segi seinna (2001:87) að kvarðinn hafi fyrst og fremst verið hugsaður sem greiningartæki handa félagsmálfræðingum til að skrá breytileika í viðtölum við málnotendur hefur hann þó verið nýttur til að útskýra vissa meginrætti í því hvernig fólk skiptir milli málsniða.

Í hugmyndum Finegans og Bibers (1994, 2001) um breytileg málsnið er miðað við að þau ráðist af því hvaða samskiptahömlur (e. *communicative constraints*) fylgi þeim málaðstæðum sem um ræðir hverju sinni (1994:339 o.v.). Líkani þeirra er ætlað að skýra málsnið út frá því hve mikið viðkomandi texti væri undirbúinn (e. *planning*), tilgangi hans (e. *purpose*) og loks hvort og þá hve mikið megi ætla að þeir sem taka þátt í samtali skilji samhengið með sama hætti (e. *shared context*, 2001:244–251).

Bell (1984, 2001) setti fram hugtakið *audience design* til skýringar á því hvenær og hvernig einstakir málnotendur fara milli breytilegra málsniða. Þar er gengið út frá því að valið ráðist fyrst og fremst af því hvaða hugmynd málnotandi gerir sér um viðmælanda sinn, eða ef um fjölmiðlafólk er að ræða, hverja það telur vera að hlusta á sig (eða lesa texta sinn). Hugtak Bells má e.t.v. þýða sem *hlustendamiðun*.

Hugmyndin spratt upp úr athugunum Bells á málnotkun útvarpsmanna og annars fjölmiðlafólks en hana má vel yfirfæra á víðara samhengi. Rauði þráðurinn er sá að fólk skipti um málsnið fyrst og fremst eftir því hver viðmælandinn er (eða er talinn vera) og að það atriði stýri málnotkuninni mest, hafi jafnvel meiri áhrif en sjálft umræðuefnið. Bell (1984:171) sýndi fram á hvernig fjórir nýsjálenskir útvarpsmenn breyttu tilteknu framburðareinkenni (röddun á /t/ milli sérhljóða) en hljóðfræðilegt birtingarform hljóðansins réðst greinilega af því á hvaða útvarpsrás mælendurnir unnu hverju sinni; væri rásin ætluð eldri eða „þroskaðri“ hlustendum var framburðurinn annar en ef útvarpsefnið var miðað við miklu yngra fólk eða enn aðra félagshópa. Auk þess sem fólk miði við viðmælendur sem slíka geti það einnig haft í huga einhverja hópa, misstóra, sem eigi þann sess í vitund málnotandans að hafa áhrif á málnotkun hans. Þar geti t.a.m. verið um að ræða þjóð, þjóðarbrot eða fólk á tilteknum landsvæðum og það sé mögulega hluti af mótun sjálfsmyndar viðkomandi málnotanda að vilja tengjast þeim hópi eða hópum (Bell 1984, 2001). Í endurbættum hugmyndum Bells (2001) í ljósi yngri viðhorfa er lögð enn ríkari áhersla á slíka þætti. sbr. það sem hér á undan var nefnt um eigin (frum)virkni málnotenda.

Hugmyndin um hlustendamiðun til að skýra málsniðsval fólks, við aðstæður þar sem viðmælandi er ekki nálægur, samræmist að einhverju leyti „aðlögun í tali“ (e. *speech accommodation, speaker design*). Hvort heldur aðlögunin er kennd við málnotandann í samtali augliti til auglitis (sbr. *speaker design*), eða við fjarstadda hlustendur (sbr. *audience design*) eru málsniðin annað og meira en hrein vörpun út frá mismiklu formleikastigi eða öðrum þáttum í málaðstæðum. Málsnið er aðlagð og mótað í meðförum málnotandans og það ferli kann að vera að einhverju leyti meðvitað, hvort sem meginhvatin er að koma til móts við hlustendur/viðmælendur eða að sýna málnotandann sjálfan í tilteknu ljósi (Coupland, Thøgersen og Mortensen 2016:30).

### 2.3.2 Málfræðihæfni og málnotkunarhæfni

Í umfjöllun um málkunnáttu og hugrænar forsendur breytileika í máli hefur tíðkast að gera greinarmun á málfræðihæfni (sbr. e. *grammatical competence*, *I-language*, Chomsky 2000:26 o.v.) og málnotkunarhæfni (sbr. e. *competence for use*, Hymes 1972[1971]:279; *pragmatic competence*, Chomsky 1980:92, 224–225; Chomsky 2000:26; *communicative competence*, Chomsky 1986:48, Biber 1988:8, Milroy og Milroy 1991:100, Chambers 2002a:8–12; *sociolinguistic competence*, Chambers 2002b:121–123). Ganga má út frá því að hið síðarnefnda, málnotkunarhæfnin, geri fólki kleift að tileinka sér hvenær og hvernig hin mismunandi tilbrigði í málnotkun birtast eða geta birst.<sup>9</sup> Mætti jafnvel kalla það ferli málhegðunartöku (sbr. „acquisition of normative linguistic practice“ Foley 1997:357). Fólki tileinkar sér þó ekki einungis viðteknar venjur um breytilega málhegðun eftir aðstæðum heldur lærist því jafnframt hvernig og hvenær það getur breytt út frá þeim með eigin frumvirkni.

Málnotendur grípa til málnotkunarhæfni sinnar þegar þeir velja orð, setningaformgerðir og annað eftir því sem þeir telja henta best í ólíkum aðstæðum hverju sinni. Eftir því sem málnotendur kynnst fleiri og fjölbreyttari málaðstæðum og textategundum öðlast þeir smátt og smátt næmari tilfinningu fyrir því hvað hentar á hverjum stað og hverri stund, hvort heldur er í rituðu eða töluðu máli (sbr. máleyrahugtak Höskuldur Þráinssonar 2016); þeir tileinka sér breytileg málsnið og öðlast færni í að beita þeim, og víkja út af þeim ef svo ber undir, og jafnframt aukið sjálfstraust við að leggja mat á eigin málnotkun og annarra og átta sig á félagslegri merkingu breytileikans.

Mikilvægt er að ítreka og hafa í huga að málnotendur beita máli sínu ekki endilega í samræmi við menningarlega samþykkt viðmið um hvað telst eiga við í tilteknum málaðstæðum. Þeir kjósa jafnvel

<sup>9</sup> Höskuldur Þráinsson (2014, 2016) bendir á að málnotendur búa ekki aðeins yfir því sem kalla megi grunnmáltilfinningu heldur einnig eins konar framhalds- eða viðbótartilfinningu. Með grunntilfinningu er vísað til þeirrar kunnáttu „sem gerir okkur kleift að tala málið og skilja það, jafnvel þótt hún geti verið svolítið breytileg frá einum einstaklingi til annars“ (Höskuldur Þráinsson 2016:152). En með hinu síðarnefnda er aftur á móti átt við hæfileikann til að meta hvaða málnotkun er við hæfi, hvað fer vel í máli, hvað eigi við í tilteknu málsniði. „Þessa tilfinningu mætti kannski kalla **framhaldstilfinningu** eða **viðbótartilfinningu** og hana má þjálfá og bæta. Það er t.d. gert í skólum og við það geta menn öðlast betra eða næmara **máleyra**“ (Höskuldur Þráinsson 2016:153; leturbr. HP). Sjálfur hæfileikinn til að þjálfá og bæta þá viðbótartilfinningu sem Höskuldur nefnir er hér nefndur málnotkunarhæfni.

meðvitað<sup>10</sup> að fylgja þeim ekki, sbr. umræðuna hér á undan um frumvirkni málnotenda, sjálfsmynd, hlutverk og viðleitni til að endurskoða eftir eigin höfði ríkjandi hugmyndir um félagslega merkingu tjáningarinnar.

### 3 Athugun á málnotkun Gísla Marteins Baldurssonar í þremur mismunandi textategundum

#### 3.1 Tíst

Twitter kom fram á sjónarsviðið 2006 og varð fljótt vinsæll og útbreiddur samfélagsmiðill. Hvert tíst gat framan af verið allt að 140 slög en það var rýmkað í 280 slög frá og með 7. nóvember 2017.<sup>11</sup>

Stundum bætir fólk við framhaldstístum ef því liggur meira á hjarta og einnig eru svartíst gjarna notuð í miðlinum, þ.e. viðbrögð við tístum annarra. Rétt er að taka fram að engin slík svartíst eru með í efniviðnum sem hér er greindur; tíst Gísla Marteins Baldurssonar sem hér eru til umfjöllunar eiga það sameiginlegt með vefpistlunum að vera einstefnumiðlun fremur en liður í beinum samskiptum.

Dæmi um tíst Gísla Marteins má sjá í (1)–(14).

- (1) STÓRFRÉTT! Sjötti kallinn við Laugaveg kvartar undan göngu-götu. Hann ætti að vera nógu gamall til að muna að fyrir 15 árum var gatan sögð dauð, ekkert fólk og engin uppbygging. Núna er troðið af fólki, svakaleg uppbygging og frábær stemning.

<sup>10</sup> Málnotandi sem reynir að temja sér orðalagið *öll velkomin* í tilteknum aðstæðum og samhengi, í stað *allir velkomnir* sem honum hefur annars verið tamt áratugum saman, hlýtur að teljast gott dæmi um að málbeitingin sé honum meðvituð í umræddum aðstæðum. Hin (meðvitaða) málnotkun í ákveðnu samhengi tengist þá afstöðu hans, sjálfsmynd og þeim hugmyndum sem hann vill að aðrir geri sér um hann. Í endurbættum hugmyndum Spolskys (2018, sbr. eldri hugmyndir hans 2004 og 2009), til greiningar á málstefnu sem fyrirbæri, er lögð áhersla á það sem hann nefnir e. *self-management*, þ.e. „eigin málstýringu“ (Ari Páll Kristinsson 2019:141). Þá er auglýsilega gert ráð fyrir skýrri meðvitund málnotandans um eigin málhegðun og færni hans til að stýra málbeitingu sinni í ákveðnum aðstæðum markvisst í þann farveg sem samræmist málafstöðu hans.

<sup>11</sup> Í tilkynningu sem Twitter birti ári síðar, 30. október 2018, kom fram að breytingin hefði haft afar lítil áhrif á meðallengd tísta á miðlinum; þrátt fyrir rýmkunina voru aðeins 12% tísta lengri en upphaflega hámarkið, 140 slög, og aðeins 5% fóru upp fyrir 190 tákni (Perez 2018). Flestir notendur virtust sem sé oft halda sig við mjög knappt form.

- (2) Algjörlega magnað að @HeraHilmar sé bara að bera þessa mynd uppi! Mikið vona ég að þetta verði sjúkleg mynd og Hera verði á allra vörum.
- (3) Áður en einhver tryllist, er sennilega rétt að taka fram að ég er að djóka.
- (4) Ef Íslenska þjóðfylkingin kæmist á þing og valdasjúkir flokkar myndu gera þingmann þeirra að þingforseta gegn því að hann styddi þá í ríkisstjórn — GLÆTAN að við sem þjóð yrðum móðguð ef danskir þingmenn mótmæltu því að hann ávarpaði þing þeirra.
- (5) Hér er vídeó af nýja Metróinu í Köben. Því var auðvitað mótmælt af gamaldags ráðamönnum þar. Traminu í Edinborg var mótmælt af íhaldinu.
- (6) Hot take: Það eru ekki fyrirspurnir Björns Levy sem eru vandaamálið, heldur léleg svörin við þeim.
- (7) Koma sohh! Áfram Ísland!
- (8) Með mjög litlum peningum, en hugmyndaauðgi og dass af húmor hefur hún komið Miðflokknum og hugmyndum hans vel á framfæri.
- (9) Þegar ég byrjaði í borgarmálum var enginn hjólastígur í Reykjavík, en fljótlega var lagður litli 100m búturinn á Laugavegi milli Snorrabrautar og Barónsstígs.
- (10) Ótrúlegur árangur.
- (11) Góða skemmtun!
- (12) Halldór í Fbl í dag. Naglinn beint á höfuðið.
- (13) Þægilegt fyrir Miðflokkinn að hafa sinn fulltrúa í húsnaðis- og samgöngumálum með hlutleysis yfirbragð í Samtökum iðnaðarins.
- (14) Þvílík veisla að vera með @Jon\_Gnarr og @BergurEbbi að greina þetta á rúv.

Gögn úr tístum Gísla Marteins hafa að geyma setningarleg einkenni og orðaval sem eldri athuganir benda til að einkenni lítt undirbúið mál sem flutt er án fullskrifaðs handrits. Um talmálsleg einkenni í íslensku má almennt vísa til flokkunar hjá Isenmann (2014:75–81), og



um dæmi sjá t.a.m. Ara Pál Kristinsson (2009:135–153), Elvu Dögg Melsteð (2004) og Þórunni Blöndal 2005b:684–685). Fram koma í tístunum talmálsleg einkenni á borð við framandorð og orðasambönd úr ensku, sem og upphrópanir, einnig slangurkennt orðaval á köflum. Mætti greina málsniðið sem persónulegt og óformlegt (sjá um þau hugtök Ara Pál Kristinsson 2009:64 o.v., sbr. Biber, Conrad og Reppen 1998:148 og Þórunni Blöndal 2005a:28–30) og það einkennist af nálægð (e. *involvement*, sbr. Chafe 1982, einnig Biber 1988:128; og í íslensku samhengi sjá Ara Pál Kristinsson 2009:64 o.v.).

Sem dæmi um talmálslegt orðaval má taka annars vegar notkun aðkomuorða, sem ýmist eru tökuorð (t.a.m. *djóka, aktívisti, dass af e-u, droppa við, peppaður*) eða framandorð (*Hot take, basic, podcast*), og hins vegar notkun „álíslenskra“ orða og orðasambanda með skýran talmálslegan og óformlegan blæ (*GLÆTAN, sjúkleg mynd, troðið af fólki, Þessi sjóðheiti ungi maður*).

Hvað varðar setningarleg atriði má benda á útvíkkaða notkun á *vera að* með nafnhætti (*að @HeraHilmar sé bara að bera þessa mynd uppi, koma miklu betur út en kannanir eru að sýna*) en hin víkkaða notkun á dvalarhorfinu er heldur talmálmegin í íslensku, a.m.k. enn sem komið er.

Segðir eru ýmist með eða án sagna í persónuháttum. Í (9) er t.d. segð með þremur setningum, þremur persónubeygðum sögnum. Dæmi um segðir án sagnar í persónuhætti sjást í (1), (2), (6), (7) og (10)–(14).

Setningar og segðir í efniviðnum, stuttar sem langar og hvort sem þær bera tilvísunarmerkingu eða ekki, voru taldar saman og greindar eftir því hvort þær innihalda sögn í persónuhætti eða ekki. Greindur var u.þ.b. helmingur tístanna (2.200 lesmálsorð), u.þ.b. helmingur vefpistlanna (2.200 lesmálsorð), og allt sem Gísli Marteinn segir sjálfur í sjónvarpsspáttunum (um 1.100 lesmálsorð). Sjá *Töflu 2*.

Textategund (lesmálsorð)	Tíst (2.200)	Vefpistlar (2.200)	Sjónvarpsspjall (1.100)
Segðir og setningar (N)	(301)	(282)	(277)
%	100%	100%	100%
með so. í ph. (N)	(265)	(281)	(162)
%	88,04%	99,65%	58,48%
án so. í ph. (N)	(36)	(1)	(115)
%	11,96%	0,35%	41,52%

Tafla 2. Segðir og setningar, í hluta efniviðarins, greindar eftir því hvort þær hafa að geyma sagnir í persónuhætti eða ekki.

Tafla 2 sýnir að í tístunum skiptist 301 dæmi um segðir og setningar þannig að 36 dæmi voru um segðir án sagnar í persónuhætti en 265 með sögn í persónuhætti. Í vefpistlum skiptust 282 dæmi þannig að 281 voru setningar með sögn í persónuhætti en aðeins ein segð án sagnar í persónuhætti; var þar um að ræða fyrirsögn. Það var m.ö.o. nær óþekkt í vefpistlum að segðir geymdu ekki sögn í persónuhætti. Í tístum kom þetta aftur á móti fyrir í um 12% tilfella. Kíkvaðratspróf sýnir að hér er marktækur munur á vefpistlum og tístum,  $p < .00001$ . Enda þótt bæði í tístum og vefpistlum sé um ritað mál og einstefnumiðlun að ræða er þannig skýr munur á stíl textategundanna tveggja að þessu leyti.

Í *Naglinn beint á höfuðið* í (12) virðist vera um að ræða liðfella þolmyndarformgerð með orðasambandinu *hitta naglann á höfuðið* þar sem bæði hjálparsögn og aðalsögn er sleppt (*naglinn* [er hittur] *beint á höfuðið*).

Persónubeygðum sagnorðum er stundum sleppt í tístunum eins og fram hefur komið. Í íslenskum rittextum gegnir mjög oft líku máli um fyrirsagnir, t.d. í dagblöðum og veffréttum, sbr. dæmi Þórunnar Blöndal (2005b) um dagblaðsfyrirsögnina *Hundi bjargað af þaki*. Eins og Þórunn Blöndal (2005b:678) bendir á kann texti úr setningabrotum, aðallega nafnliðum, í viðeigandi umhverfi, að koma mikilli merkingu til skila til lesandans. Fyrirsagna- eða skeytastíllinn sem framkallast þegar sögnum í persónuháttum er sleppt kann að henta vel með hliðsjón af tæknilegu takmörkununum á lengd tístanna.

Tíst Gísla Marteins eru alls ekki alltaf í þeim skeyta- eða fyrirsagnastíl sem sjá má í dæmi (12) og víðar. Oftast minna þau helst á stutta búta innan úr lengri pistli. Setningar og málsgreinar koma þá „fullskapaðar“ án tómrar liða eða niðurfellinga. Dæmi:

(15) Það er meira og minna allt rangt sem hann segir í þessu viðtali.

Hér „hefði verið“ hægt að stytta í t.d. *Meira og minna allt rangt hjá honum í þessu viðtali*.

Það að láta persónubeygðar sagnir lönd og leið er því alls ekki einlitt stílbrigði þessa málnotanda í tístum heldur bregður hann því fyrir sig þegar svo ber undir. Í því felst enn frekari innri breytileiki.

Í tístum Gísla Marteins Baldurssonar sem hér voru skoðuð birtist snjall og orðheppinn maður en stundum hvass í tali um menn og þau málefni sem hann ber fyrir brjósti. Hlutverkið (e. *persona*) sem

hann byggir upp í tístunum er því einhvers konar blanda<sup>12</sup> af vinsæla sjónvarpsmanninum sem við kynnumst m.a. í sjónvarpsþáttunum (sjá í 3.3) og ástríðufulla borgarmálasérfræðingnum sem birtist í vefpistlunum (sjá í 3.2.).

### 3.2 Vefpistlar (blogg)

Vefpistlar Gísla Marteins fjalla oft um borgarskipulag og byggingar, umferðarmál og borgarstjórnarpólitik. Tístin fjalla einnig að hluta til um þessi málefni en að auki býsna oft um ýmsa aðra hluti eins og fram kom í 3.1. Munurinn á tístum og vefpistlum er því í senn málsniðslegur (sjá nánar hér á eftir) og efnislegur (á heildina litið, nokkur skörun er í efnisvalinu). Vefpistlarnir geyma setningar með sögnum í persónuháttum, og málgreinar eru gjarna margsamsettar. Textanum vindur röklega fram.

Dæmi úr vefpistlum má sjá í (16–18).

- (16) Við verðum að gera þá kröfu til okkar besta fólks sem situr á Alþingi og í ríkisstjórn að það sýni framtíð höfuðborgarsvæðisins áhuga og taki þátt í því með sveitarstjórnarfólki að fara þá leið sem er hagkvæmust og best fyrir alla, sama hvaða samgöngumáta þeir kjósa.
- (17) Það er vont fyrir alla að rangfærslum sé haldið á lofti í opinberri umræðu. Nú hefur í nokkra daga hver étið upp eftir öðrum að Borgarlínan sé á einhverskonar óburðugu frumstigi sem geri það ómögulegt að ræða um hana. Sömuleiðis er því haldið fram að ekkert sveitarfélag hafi sett pening í hana. Báðar þessar fullyrðingar eru einfaldlega rangar, einsog allir geta auðveldlega sannreynt og til dæmis kom fram í morgunútvarpi Rásar 2 í morgun.
- (18) Rannsóknir sýna að flestir borgarþúar vilja búa vestan Elliðaáa. Raunar er það svo, sýna kannanir, að fleiri búa austan Elliðaáa en vilja það.

Í (19)–(20) má sjá dæmi um að sama eða náskyld umræðuefni er meðhöndlað með mismunandi stílbrögðum í vefpistlum og tístum. Dæmi (19) er úr vefpistli.

---

<sup>12</sup> Þessa athugun á ég að þakka ónefndum ritryni.

- (19) Fólk er með öðrum orðum að óska eftir „aðför að einkabílnum“. Sumir óska bara eftir aðförinni fyrir framan húsið sitt. Aðrir vilja aðför í allri götunni sinni, jafnvel hverfinu – en allir sem hugsa málið sjá að það gengur ekki upp að ætla bara að keyra hægt í sinni götu, en gefa í botn í götum allra hinna.

Þetta má bera saman við tístið (20) sem fjallar um sama málefnið, sem sé „aðförina“.

- (20) Við fórum líka að heyra um hina ógurlegu #aðförin sem byrjaði sem alvöru kvartanir bílakarla um að í gangi væri aðför gegn einkabílnum, sem var nógu absúrd hugmynd til að snúast upp í grín — enda er bíllinn á rauðum dregli í Rvk eftir áratuga aðför að ÖLLUM ÖÐRUM samgöngumátum.

Í samanburði við (19) vekur notkun hástafa í tístinu (20) athygli, sem og vísun í tíst með myllumerkinu, enn fremur tökuorðið *absúrd*. Þótt tístið (20) sé efnislega náskyld bútnum úr vefpistli (19) er auðmerkjanlegur munur á orðavali, stíl og frágangi.

Vefpistlarnir bera með sér hefðbundnari ritmálslegan undirbúning en tístin og er nánast alltaf um að ræða setningar með sögn í persónuhætti sem tengjast röklega í stærri málsgreinar eins og almennt gerist t.a.m. í greinum í dagblöðum. Eins og fram hefur komið innihalda allar segðir í vefpistlunum (að undanskilinni einni fyrirsögn) sögn í persónuhætti, sjá *Töflu 2*. Hvað það varðar er því marktækur munur ( $p < .00001$ ) á vefpistlum og tístum eins og rakið var í 3.1.

Orðaval vefpistlanna minnir á heildina litið einnig á almennt dagblaðamál; þar eru ekki dæmi um óaðlöguð framandorð á borð við þau sem finna má í tístunum. Eina undantekningin frá því síðastnefnda er sýnd í (21).

- (21) Þessi aðferð hefur verið kölluð „predict and provide“ sem mætti íslenska sem spáð og skaffað.

Hér er enskt orðasamband í vefpistlinum, kynnt til sögunnar sem íðorð í borgarskipulagi, tryggilega afmarkað með gæsalöppum eins og tíðkast í dagblöðum og vönduðu ritmáli þegar gripið er til erlendra orða inni í íslenskum texta. Þar að auki fylgir íslensk þýðing í næstu andrá.

Nokkrum sinnum ber á fremur talmálslegum orðaforða (*að setja pening í e-ð, gefa í botn*) en á heildina litið er slíkt ekki sérlega einkennandi fyrir vefpistlana. Þó má í því sambandi einnig nefna viss

atviksorð sem stundum eru notuð til áherslu svipað og tíðkast í talmáli en síður í almennu ritmáli, sbr. *fáránlega* í (22).

(22) Í öðru lagi er Starhaginn *fáránlega* breiður.

Hvað varðar orðaforða má loks minnst á notkun sagnarinnar *plana* (23) sem er vel aðlagð aðkomuorð með langa hefð í íslensku en eigi að síður væntanlega einhvers staðar á gráu svæði milli dæmigerðs talmáls og vandaðs ritmáls í íslensku.

(23) Því ef við plönum borg eingöngu fyrir bíla, þá verður hún óhagkvæm og óþægileg fyrir alla.

Notuð eru ýmis mælskubrögð eins og tíðkast í rökfærsluskrifum, t.a.m. að endursegja og túlka sjónarmið talsmanna andstæðrar skoðunar þannig að þau birtist í óheppilegu ljósi og að talsmennirnir virðist úr takti við samfélagið. Þá eru líkingar notaðar til að auka áhrif textans. Slíkt hefur mátt sjá í nokkrum undanfarandi dæma en til viðbótar má huga að dæmum (24)–(25).

(24) Frekar en að setja sig inn í málin slá þeir fram órökstuddum frösom um að enginn viti hvað Borgarlína sé. Það er bara rangt. Það má vel vera að þeir viti ekki hvað Borgarlína er og væri það ekki í fyrsta skiptið sem stjórnmalamenn ruglast á sjálfum sér og þjóðinni. En tugþúsundir íbúa höfuðborgarsvæðisins vita bara mjög vel hvað Borgarlína er og kusu í unnvörpum flokka til valda sem styðja Borgarlínu.

(25) Það er ekkert nýtt í þessu. Þessi söngur hefur verið sunginn aftur og aftur í gegnum tíðina. En sem betur fer vitum við betur núna og vitum að söngurinn er falskur.

Í vefpistlunum birtist lesendum stjórnmalamaðurinn og borgarmálasérfræðingurinn Gísli Marteinn Baldursson sem liggur ekki á skoðunum sínum og rökstyður þær kröftuglega og með ákveðnu orðfæri. Uppbygging textans er rökleg og stundum er vísað í heimildir í anda fræðilegra skrifa. Með orðfæri félagsmálvísindanna má segja að Gísli Marteinn sé í þessum vefpistlum að byggja upp og setja fram hlutverk (e. *persona*) sem ritfær og rökfastur stjórnmalamaður eða baráttumaður fyrir ákveðnum málstað.

### 3.3 Handritslaus samtöl í sjónvarpsþætti

Talaða texta má greina í þrennt: Venjuleg samtöl þar sem einn talar við annan; eintal af ýmsu tagi þar sem talað er til annarra, t.d. ræður í þingsal eða útvarpserindi (þ.e. áheyrendur eru ýmist nærri eða fjarstaddir); og loks sambland af þessu hvoru tveggja, þar sem einn talar við annan en einnig, og reyndar fyrst og fremst, til þriðja aðila (þ.e. fjarstaddir verða vitni að samtali); sjá nánar hjá Ara Páli Kristinssyni (2009:80 o.v.). Hið síðastnefnda er á ferðinni í sjónvarpsþáttum Gísla Marteins Baldurssonar á RÚV, *Þú ert hér*. Í öðrum þættinum var rætt við Þórarin Eldjárn en í hinum við Margréti Kristínu Blöndal, Möggu Stínu.

Þar sem viðfangsefni þessarar athugunar er innri breytileiki – samanburður á textum Gísla Marteins í mismunandi aðstæðum og textategundum – er hér aðeins fengist við það sem hann segir sjálfur í samtölunum tveimur. Framlag viðmælendanna tveggja er hér í bakgrunni enda þótt þeir séu vitaskuld lykilþættir í aðstæðunum með sínum áhrifum á það hvað málnotandinn segir, hvernig og hvenær hann kemur inn í samtölin o.s.frv. Hér skal því undirstrikað að ætlunin var ekki að vinna úr efninu á forsendum hefðbundinnar samræðugreiningar (sbr. t.a.m. það sem Þóra Björk Hjartardóttir 2020 gerir í rannsókn sinni á 25 dæmum um smáyrðið *hvað* í máli mismunandi einstaklinga í samtölum).

Enda þótt viðmælendur Gísla Marteins komist vel á flug á köflum og séu að sjálfsögðu fyrirferðarmeiri í sjónvarpsþáttunum var samt sem áður allnokkurn efnivið (1.100 orð) að hafa úr máli Gísla Marteins sjálfs í þáttunum tveimur. Efniviðurinn var annars áþekkur að heildarumfangi og bloggið og tístin (sbr. 3.1. og 3.2.). Raunar kom í ljós, og ekki óvænt, þegar við fyrstu atlögu að greiningu á efninu, að samtalsparturinn var verulega frábrugðinn hinum textategundunum. Þannig fæst góð mynd af málnotkun Gísla Marteins í þessum tilteknu samtalsaðstæðum, til að bera saman við tístin og vefpistlana, þótt efnið nemi aðeins 1.100 orðum. Í raun var því óþarft í þessari athugun að greina fleiri sjónvarpsþáttasamtöl til að fá meiri efnivið í samanburðinn.

Sjónvarpsþættirnir nefndust sem sé *Þú ert hér* og voru kynntir þannig í dagskrá RÚV að Gísli Marteinn ætti „stefnumót við ýmsa viðmælendur á stöðum sem hafa haft afgerandi og mótandi áhrif á líf þeirra“. Annars vegar er Þórarinn Eldjárn; Gísli Marteinn ræðir við hann í og við hús Þjóðminjasafnsins þar sem hann bjó með foreldrum og systkinum fram til forsetakjörsins 1968. Umræðuefnin eru ýmisleg

en foreldrar Þórarins og uppvöxtur hans í safninu er helsta þemað. Þátturinn var sendur út 5. apríl 2015. Hins vegar er Margrét Kristín Blöndal, Magga Stína, sem er best þekkt sem tónlistarmaður. Þátturinn hefst við heimili Möggu Stínu og síðan fara þau saman í sund í Vesturbæjarlauginni og spjalla um heima og geima, m.a. sundiðkun og sundlaugina. Þátturinn var sendur út 29. mars 2015.

Dæmum (26)–(33) er ætlað að veita innsýn í efniviðinn, orð Gísla Marteins í sjónvarpsþáttunum tveimur.

- (26) Ég er reyndar að pæla hvort við hérna af því við ætlum að fara í sund af því ég sá þessar myndir hérna hjá þér.
- (27) Ef ég hugsa til baka þú ert hérna þangað til þú ert átján ára.
- (28) Bíddu var hún keppti hún á Ólympíuleikum eða hvernig var hún sunddrottning?
- (29) Heyrðu það var gaman að eyða þessum dagsparti með þér hérna.
- (30) En hérna þú ert tónlistarmaður.
- (31) Og þú ert hér svolítið eins og eins og hérna lítill prins eins og þú búir í kastala.
- (32) Færðu eitthvað nostalgíukast við að koma hingað inn?
- (33) Nei akkúrat.

Í samtölunum tveimur fylgir Gísli Marteinn hvergi skrifuðu handriti frá orði til orðs. Sjónvarpssamtölin eru eigi að síður ritstýrt efni að því leyti til að þau eru klippt til fyrir útsendingu. Raunar er flæðið í samtölunum einkar eðlilegt og þau virka afslöppuð og fjörleg.

Gísli Marteinn virðist njóta sín vel og heldur viðmælendum sínum skemmtilega við efnið án þess að trana sér mikið fram. Hann er örlátur á endurgjöf (sjá t.a.m. Þórunni Blöndal 2004:126 o.áfr. um það hugtak og hlutverk endurgjafar í samtölum) sem gefur til kynna virka hlustun og áhuga á því sem viðmælandinn segir. Það leiðir til þess að stuttar segðir (t.a.m. *já, einmitt, já ókei, er það?, nei akkúrat*) eru einkennandi fyrir framlag hans til samtalanna.

Auk fyrrnefndrar endurgjafar má nefna fleiri dæmigerð samtals-einkenni. Svólítið er um endurtekningar (t.d. *eins og eins og*) og hikyrði<sup>13</sup>

<sup>13</sup> Er hér farið eftir greiningu Ara Páls Kristinssonar (2009:138–145) og smáyrðum (orðræðuögnum) skipt eftir hlutverki sínu í hikyrði, háttaryrði og tengiyrði.

(t.d. *hérna*), sbr. (31). Áður hefur verið sýnt fram á að í íslensku fer hik og endurtekningar einmitt gjarna saman í talmiðlum þegar talað er án handrits (Ari Páll Kristinsson 2009:144, sbr. einnig það sem Þóra Björk Hjartardóttir 2020:9 segir um „tafs“ og hik í þeim samtölum sem hún greinir).

Finna má dæmi um háttaryrði (e. *modal particles*) sem hafa það hlutverk að gefa til kynna afstöðu málnotanda til þeirra upplýsinga sem felast í orðum hans. Dæmi er (34).

(34) Já þetta er bara mjög fallett.

Smáyrðið *bara* setur hér fullyrðinguna *þetta er mjög fallett* í ákveðið ljós. Slíkt hefur verið talið meðal dæmigerðra einkenna talmáls (sjá t.d. Ara Pál Kristinsson 2009:138–145 og Þórunni Blöndal 2005a:26).

Gísli Marteinn notar *heyrðu* (sjö dæmi), *bíddu* (þrjú dæmi) og *en hérna* (eitt dæmi) sem tengiyrði en það heiti má nota um segðir á lotuskiptum sem marka inngang að nýju umræðuefni, boða að komið er með nýtt sjónarhorn á fyrra umræðuefni og beina samtalinu inn á aðra braut (Ari Páll Kristinsson 2009:141–143).

Dæmi eru um *eitthvað* með hvorugkynsnafnorði (*eitthvað nostalgíukast*, *eitthvað barnagjald*, *eitthvað fiskabúr*) þar sem hefðbundnar leiðbeiningar um vandað íslenskt ritmál mæla með *eitthvert*. Því miður kom breytan *eitthvað/eitthvert* með hk.no. ekki fyrir í efniviðnum úr samanburðartextategundunum, þannig að ekki er unnt að segja hvort tilbrigðanna Gísli Marteinn hefði valið í þeim ritunaraðstæðum.

Fyrir koma dæmi um sérstaka orðaröð í samtölunum, t.a.m. *eða ertu að hugsa ekki um neitt þegar þú ert hérna*, og um eins konar lagfæringar í segðarlök eða innskot til að skerpa á því sem vísað er til, t.a.m. *Fannst þér það sorglegt að sjá þetta hverfa svona þennan gamla tíma*.

Eins og vænta mátti geyma samtölin afar mörg dæmi t.a.m. um óloknað setningar ef svo má segja (*Varstu ...?*) og segðir án geranda/frumlags og án nokkurs sagnorðs (*Mjög gott*, *Bara handan við hornið*, *Beint frá bónda*, *Nema Laxness*).

Fram kom í köflunum um tíst og vefpistla að þar var marktækur munur milli þeirra textategunda þegar kannað var hve algengt væri að segðir væru án sagnar í persónuhætti; þessa einkennis varð nánast ekki vart í vefpistlum en kom hins vegar fram í um 12% allra segða í tístum. Það liggur í eðli samtala að segðir án sagnar í persónuhætti eru geysilega algengar t.a.m. vegna endurgjafar o.fl. og samspils mælanda og viðmælanda þar sem samtalið er samvinna og gjarna stutt milli lotuskipta. Þannig er samanburður við rituðu textategundirnar



hvað varðar tíðni sagna í persónuháttum á vissan hátt eins og að bera saman epli og appelsínur. Þetta er þó lýsandi fyrir eðlismuninn á tegundunum. Segðir Gísli Marteins í sjónvarpssamtölunum skiptast þannig að um 58% þeirra innihalda sagnir í persónuhætti en um 42% gera það ekki; sjá *Töflu 2*. Sé þetta borið saman við tístin (og leiðrétt fyrir stærð gagnasafnanna) sést, eins og við mátti búast, að hlutfall segða án sagna í persónuhætti er miklu hærra í máli Gísli Marteins í samtölunum heldur en tístum hans ( $p < .00001$ ).

Þá má nefna að í samtölunum eru segðir Gísli Marteins að meðaltali nærfeilt helmingi styttri en í samanburðartextunum, í orðum talið (þ.e. fjöldi segða í hlutfalli við lesmálsorð í heild) eða um 4 orð að jafnaði. Í vefpistlunum er meðallengd segða 7,8 orð og í tístum 7,3 orð.

Þessi formseinkenni undirstrika að Gísli Marteinn heldur ekki langar ræður eða tranar sér fram í samtölunum; stuttar segðir endurspeglar mikla endurgjöf og aðra samtalstækni sem hann beitir til að halda viðmælendunum við efnið og sýna orðum þeirra áhuga.

Loks einkennast sjónvarpssamtölin að nokkru leyti af orðavali sem væntanlega teldist fremur talmálslegt – *nostalgíukast*, *æðislegt*.

Hið síðastnefnda minnir raunar á orðaforðann sem Gísli Marteinn bregður stundum fyrir sig í tístum, sbr. umræðu í 3.1. Þó vekur hér athygli að í sjónvarpssamtölunum sneiðir hann jafnan hjá framand-orðum, lítt aðlöguðum. Að því leyti til minnir orðavalið í samtölunum fremur á vefpistla hans. Vera má að þetta skýrist af einhvers konar málvöndunarviðleitni hans eða skýrri meðvitund um að „slettur“ eigi ekki erindi í málsnið sjónvarpsviðtala á RÚV, sbr. máleýrahugtakið hjá Höskuldi Þráinssyni (2014, 2016) og þá hlustendamiðun (e. *audience design*) sem Bell (1984, 2001) hefur gert grein fyrir eins og rakið var í 2.3.1.

Í sjónvarpsviðtölunum birtist okkur fjölmiðlamaðurinn Gísli Marteinn sem hefur lag á að finna skemmtilega og áhugaverða viðmælendur. Gísli Marteinn tranar sér ekki fram í samtölunum tveimur heldur ýtir glaðlega undir viðmælendurnar. Hann notar óspart endurgjöf og þegar hann skynjar að tímabært sé að færa talið að nýju umræðuefni eða sjónarhorni gerir hann það. Hann sneiðir hér hjá umdeildum pólitískum málum, sem eru uppi á borðinu í tístum hans og vefpistlum, og við sjáum mælandann í hlutverki þess sem heldur sig til hlés og lætur viðmælendurnar fá sviðið.

## 4 Lokaorð

Eins og rakið var í 2. kafla hér á undan beittir fólk mismunandi stíl frá einum málaðstæðum til annarra og nýtir mismunandi málsnið jafnframt til að skilgreina sig gagnvart umhverfinu. Samanburðurinn á þremur textategundum í meðförum Gísla Marteins Baldurssonar í 3. kafla hefur sýnt dæmi um þetta og þar með hvernig innri breytileiki getur komið fram í máli hans.

Málnotkun er ekki eingöngu vélræn vörpun af aðstæðum og textategund heldur eru málnotendur virkir gerendur og laga málsniðið að eigin vild og þeirri mynd sem þeir (kjósa að) hafa af sjálfum sér og vilja að aðrir sjái. Íslendingar þekkja Gísla Martein Baldursson einkum sem sjónvarpsmann en hann er einnig fyrrverandi stjórnmaður og er áhugamaður um betra líf og umhverfi borgarbúa, bætta umferðarmenningu og fleira. Samanburður á tístum, vefpistlum og tali í sjónvarpssamtölum leiðir í ljós skýr dæmi þess hjá Gísli Martein hvernig innri breytileikinn tengist ekki aðeins málaðstæðum og eðli hinna mismunandi textategunda heldur einnig þeirri mynd sem málnotandinn birtir af sér í mismunandi miðlum og hlutverkum. Tístin, vefpistlarnir og sjónvarpsþættirnir sýna þannig hvernig sami málnotandi getur auðveldlega byggt upp og kynnt til sögunnar þrenns konar hlutverk (e. *persona*) í félagsmálvísindalegum skilningi (sbr. t.a.m. Mortensen, Coupland og Thøgersen 2017:2).

Í tístunum ber nokkuð á því sem kalla má talmálslegt orðaval. Þar er ýmist á ferðinni „alíslenskur“ orðaforði og orðasambönd, eða þá framandorð sem birtast án (áberandi) aðlögunar að íslenskum ritvenjum. Svólítið ber á eins konar skeytastíl eða fyrirsagnastíl, og kom í ljós að um 12% segða í tístum Gísla Marteins hafa ekki að geyma sagnir í persónuháttum. Með orðavalinu og stílnum má vera að Gísli Martein lagði málsniðið að ímynduðum lesendahópi í yngri kantinum sem hann vill höfða til, sbr. hugtak Bells (1984, 2001) um hlustendamiðun, sbr. umræðu í 2.3.1.

Ólíkt tístunum geyma vefpistlarnir engin raunveruleg dæmi um framandorð. Í eina skiptið sem enska kemur fyrir eru notaðar gæsalaппir og íslensk þýðing fylgir. Annað talmálslegt eða slangurkennt orðaval kemur nokkrum sinnum fyrir en er alls ekki eins áberandi og í tístunum. Setningar eru jafnan með sögn í persónuhætti og án liðfellinga. Vefpistlarnir eru því í raun áþekkir því sem almennt tíðkast í opinberu eða ritstýrðu ritmáli, t.a.m. í dagblöðum, hvort heldur horft er til orðaforða eða formgerða. Vefpistlana skrifar Gísli

Marteinn í hlutverki stjórnámamanns og baráttumanns um ákveðin málefni og virðist sem slíkur leitast við að sneiða hjá óvönduðu mál-fari. Þannig má álykta að hann taki að þessu leyti mið af almennum viðmiðum samfélagsins t.a.m. um að framandorð eigi ekki heima í textum þeirra sem vilja láta taka sig alvarlega í formlegri umræðu, m.a. stjórnámamanna. Hér má hafa til skýringar hugtak Bells (1984, 2001) um hlustendamiðun, eins og nefnt var í 2.3.1.

Í samtölunum eru vitaskuld önnur lögmal á ferðinni en í tístum og vefpistlum að því er varðar formgerðir ýmiss konar, enda er hér um að ræða mælt mál en ekki ritað, en ekki síst þar sem nú koma til skjalanna lotuskipti og annað samspil mælanda og viðmælanda. Í ljósi markmiðs athugunarinnar voru hér aðeins skoðuð og tilgreind bein dæmi um orðaförða og málfræðiatriði í máli þáttastjórnandans sjálfs. Eins og vænta mátti má finna endurgjöf í ríkum mæli, upphróp-anir, hikorð, endurtekningar og að í setningar „vanti“ einhvern hefð-bundinn stofnhluta, ef svo má segja. Þá má nefna að Gísli Marteinn byrjar lotur sínar inni í samtölum ítrekað á tengiyrdum á borð við *heyrdu, bíddu, en hérna*. Hann sneiðir mikið til hjá því að nota lítt aðlöguð framandorð og slangur er ekki heldur áberandi. Þannig er greinilegt að enda þótt um talað mál sé að ræða geymir það ekki hið algenga einkenni hversdagslegs talmáls sem eru „slettur“ og slangur. Þættirnir voru unnir handa RÚV og má geta þess til að meðvitað eða ómeðvitað hafi Gísli Marteinn sett sig í spor dæmigerðra áhorfenda og e.t.v. samfélagsins í heild (sbr. hlustendamiðunarhugtak Bells 1984, 2001 hér á undan) og það ýti undir að hann leitist hér við að fylgja opinberum málvöndunarviðmiðum um orðaval.

Ganga má út frá því að það sé svonefnd málnotkunarhæfni (e. *sociolinguistic competence*) sem nýtist Gísla Marteini við að meta hvers konar máleinkenni eigi við í hinum mismunandi textategundum hverju sinni og að velja í samræmi við það annars vegar milli ýmissa tiltækra eininga úr orðasafni sínu og hins vegar á milli mismunandi formgerða sem hann hefur vald á – enda þótt ekki sé ljóst að hve miklu leyti slík síun eða val á orðum og formgerðum sé meðvitað ferli í innri breytileikanum.

Gísli Marteinn setur jafnframt mark sitt á félagslega merkingu tjáningarinnar og hann byggir í textunum upp mismunandi hlutverk (e. *persona*) eða myndir af málnotandanum (sbr. Eckert 2019); vefpistlarnir sýna Gísla Marteinn rökfastan stjórnámamann, sjónvarps-þáttastjórnandinn Gísli Marteinn er glaður og örlátur í samtali og laðar fyrst og fremst fram það sem viðmælandinn hefur áhugavert að

segja, en tístarinn Gísli Marteinn dregur á vissan hátt dám af hvoru tveggja, með fjörlegum athugasemdum um málefni sem honum eru gjarna greinilega hjartfólgin, og tíst hans bera að hluta til – en alls ekki alltaf – allt önnur formseinkenni en vefpistlarnir.

## Heimildir

- Androutsopoulos, Jannis. 2017. Style, change, and media: A postscript. Í: Janus Mortensen, Nikolas Coupland og Jacob Thøgersen (ritstj.). *Style, Mediation, and Change. Sociolinguistic Perspectives on Talking Media*, bls. 239–250. Oxford: Oxford University Press.
- Ari Páll Kristinsson. 2009. „Í fréttum er þetta helst.“ *Rannsókn á einkennum íslensks útvarpsmáls*. Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Reykjavík. <https://skemman.is/handle/1946/7732>.
- Ari Páll Kristinsson. 2019. Um greiningu á málstöðlun og málstefnu. Haugen, Ammon og Spolsky í íslensku samhengi. *Orð og tunga* 21:129–151.
- Ari Páll Kristinsson og Amanda Hilmarsson-Dunn. 2013. Evaluation of different registers in Icelandic written media. Í: Tore Kristiansen og Stefan Grondelaers (ritstj.). *Language (De)standardisation in Late Modern Europe: Experimental Studies*, bls. 331–354. Ósló: Novus.
- Ari Páll Kristinsson og Amanda Hilmarsson-Dunn. 2015. Implications of language contact: Evaluating the appropriateness of borrowings in written Icelandic. Í: Martin Hilpert, Janet Duke, Christine Mertzluft, Jan-Ola Östman og Michael Rießler (ritstj.). *New Trends in Nordic and General Linguistics*, bls. 55–67. Berlín, München, Boston: De Gruyter Mouton.
- Ásta Svavarsdóttir. 2013. Þágufallshneigð í sjón og raun. Í: Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð I*, bls. 83–110. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson. 1984. Fall er fararheill. Um fallnotkun með ópersónulegum sögnum. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 6:33–55.
- Ásta Svavarsdóttir, Ulla Paatola og Helge Sandøy. 2010. English influence on the spoken language – with a special focus on its social, semantic and functional conditioning. *International Journal of the Sociology of Language* 204:43–58.
- Bell, Allan. 1984. Language style as audience design. *Language in Society* 13,2:145–204.
- Bell, Allan. 2001. Back in style: Reworking audience design. Í: Penelope Eckert og John R. Rickford (ritstj.). *Style and Sociolinguistic Variation*, bls. 139–169. Cambridge: Cambridge University Press.
- Biber, Douglas. 1988. *Variation across Speech and Writing*. Cambridge: Cambridge University Press.

- Biber, Douglas. 1995. *Dimensions of Register Variation. A Cross-Linguistic Comparison*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Biber, Douglas. 2006. *University Language. A corpus-based study of spoken and written registers*. Amsterdam, Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.
- Biber, Douglas, Susan Conrad og Randi Reppen. 1998. *Corpus Linguistics. Investigating language structure and use*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Björn Guðfinnsson. 1946. *Mállýzkur I*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Chafe, Wallace L. 1982. Integration and Involvement in Speaking, Writing and Oral Literature. Í: Deborah Tannen (ritstj.). *Spoken and Written Language. Exploring Orality and Literacy*, bls. 35–53. Norwood: Ablex.
- Chambers, J.K. 2002a. Studying language variation: an informal epistemology. Í: J.K. Chambers, Peter Trudgill og Natalie Schilling-Estes (ritstj.). *The Handbook of Language Variation and Change*, bls. 3–14. Oxford (UK), Cambridge (USA): Blackwell.
- Chambers, J.K. 2002b. Dynamics of dialect convergence. *Journal of Sociolinguistics* 6,1:117–130.
- Chomsky, Noam. 1980. *Rules and Representations*. New York: Columbia University Press.
- Chomsky, Noam. 1986. *Knowledge of Language: Its Nature, Origin, and Use*. New York: Praeger.
- Chomsky, Noam. 2000. *New Horizons in the Study of Language and Mind*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Coates, Steven. 2016. Grammatical feature frequencies of English on Twitter in Finland. Í: Lauren Squires (ritstj.). *English in Computer-Mediated Communication. Variation, Representation, and Change*, bls. 179–210. Berlín, Boston: Walter de Gruyter.
- Coupland, Nikolas, Jacob Thøgersen og Janus Mortensen. 2016. Introduction: Style, media and language ideologies. Í: Jacob Thøgersen, Nikolas Coupland og Janus Mortensen (ritstj.). *Style, Media and Language Ideologies*, bls. 11–49. Ósló: Novus.
- Eckert, Penelope. 2000. *Linguistic Variation as Social Practice. The Linguistic Construction of Identity in Belten High*. *Language in Society* 27. Oxford, Malden: Blackwell.
- Eckert, Penelope. 2012. Three Waves of Variation Study: The Emergence of Meaning in the Study of Sociolinguistic Variation. *Annual Review of Anthropology* 41:87–100.
- Eckert, Penelope. 2019. The individual in the semiotic landscape. *Glossa: a journal of general linguistics* 4(1),14:1–15.
- Elva Dögg Melsteð. 2004. *Áhrif mismunandi undirbúnings á málnotkun í þremur sjónvarpsþáttum*. BA-ritgerð við Háskóla Íslands. Reykjavík.

- Fairclough, Norman. 2000. *New Labour, new language?* London: Routledge.
- Finegan, Edward og Douglas Biber. 1994. Register and Social Dialect Variation: An Integrated Approach. Í: Douglas Biber og Edward Finegan (ritstj.). *Sociolinguistic Perspectives of Register*, bls. 315–347. Oxford Studies in Sociolinguistics. New York, Oxford: Oxford University Press.
- Finegan, Edward og Douglas Biber. 2001. Register variation and social dialect variation: the Register Axiom. Í: Penelope Eckert og John R. Rickford (ritstj.). *Style and Sociolinguistic Variation*, bls. 235–267. Cambridge: Cambridge University Press.
- Finnur Friðriksson. 2004. Real vs. imagined change. The case of modern Icelandic. Í: Britt-Louise Gunnarsson, Lena Bergström, Gerd Eklund, Staffan Fridell, Lise H. Hansen, Angela Karstadt, Bengt Nordberg, Eva Sundgren og Mats Thelander (ritstj.). *Language Variation in Europe. Papers from the Second International Conference on Language Variation in Europe, ICLaVE 2, Uppsala University, Sweden, June 12-14, 2003*, bls. 168–180. Uppsölum: Department of Scandinavian Languages, Uppsala University.
- Foley, William A. 1997. *Anthropological linguistics: an introduction*. Language in Society 24. Oxford: Blackwell.
- Garrett, Peter. 2010. *Attitudes to Language*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Gillen, Julia og Guy Merchant. 2013. Contact calls: Twitter as a dialogic social and linguistic practice. *Language Sciences* 35:47–58.
- Hanna Óladóttir. 2009. Shake, sjeik eller mjólkurhristingur? *Íslandske holdningar til engelsk sprákpávirkning*. Ósló: Novus.
- Harrington, Jonathan. 2006. An acoustic analysis of ‘happy-tensing’ in the Queen’s Christmas broadcasts. *Journal of Phonetics* 34,4:439–457.
- Hymes, Dell. 1972[1971]. On Communicative Competence. Í: J.B. Pride og Janet Holmes (ritstj.). *Sociolinguistics*, bls. 269–293. Hammondsworth: Penguin Books.
- Höskuldur Þráinsson. 2014. Málvernd, máltaka, máleyra — og PISA-könnunin. *Ritið* 2/2014:153–182.
- Höskuldur Þráinsson. 2016. Þrjú eyru. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 38:145–164.
- Höskuldur Þráinsson og Ásgrímur Angantýsson. 2015. Orðaröð í aukasetningum. Í: Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*, bls. 299–330. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. 1992. Phonological Variation in 20th Century Icelandic. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 14:89–128.

- Höskuldur Þránínsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson. 2015. Um þolmynd, germynd og það. Í: Höskuldur Þránínsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*, bls. 77–120. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þránínsson og Theódóra A. Torfadóttir. 2015. Um vera að og vera búinn að. Í: Höskuldur Þránínsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*, bls. 121–153. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þránínsson, Þórhallur Eypórsson, Ásta Svavarsdóttir og Þórunn Blöndal. 2015. Fallmörkun. Í: Höskuldur Þránínsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*, bls. 33–76. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Iris Edda Nowenstein. 2012. *Mig langar sjálfri til þess. Rannsókn á innri breytileika í fallmörkun frumlaga*. BA-ritgerð við Háskóla Íslands. Reykjavík, <https://skemman.is/handle/1946/12885>.
- Iris Edda Nowenstein. 2014. *Tilbrigði í frumlagsfalli á máltökuskeiði. Dágufalls-hneigð og innri breytileiki*. MA-ritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/17782>.
- Isenmann, Vanessa M. 2014. Insight into computer-mediated communication as a new variety of written Icelandic. *Orð og tunga* 16:69–91.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson. 2003. Breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 25:7–41.
- Kirkham, Sam, og Emma Moore. 2016. Constructing social meaning in political discourse: Phonetic variation and verb processes in Ed Miliband's speeches. *Language in Society* 45,1:87–111.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð. Íslensk tunga I*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Labov, William. 1972. *Sociolinguistic Patterns*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Labov, William. 2001. The anatomy of style-shifting. Í: Penelope Eckert og John R. Rickford (ritstj.). *Style and Sociolinguistic Variation*, bls. 85–108. Cambridge: Cambridge University Press.
- Lilja Björk Stefánsdóttir. 2016. *Breytingar á framburði. Með hliðsjón af félagslegum þáttum*. BA-ritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/24333>.
- Lilja Björk Stefánsdóttir og Anton Karl Ingason. 2018. A high definition study of syntactic lifespan change. *U. Penn Working Papers in Linguistics*. Volume 24.1:1–10.
- McKenzie, Laurel. 2017. Frequency effects over the lifespan: a case study of Attenborough's r's. *Linguistics Vanguard* 1, 20170005. doi: <https://doi.org/10.1515/lingvan-2017-0005>.

- Milroy, James og Lesley Milroy. 1991. *Authority in Language. Investigating language prescription and standardisation*. 2. útgáfa. London, New York: Routledge.
- Mortensen, Janus, Nikolas Coupland og Jacob Thøgersen. 2017. Introduction: Conceptualizing style, mediation, and change. Í: Janus Mortensen, Nikolas Coupland og Jacob Thøgersen (ritstj.). *Style, Mediation, and Change. Sociolinguistic Perspectives on Talking Media*, bls. 1–24. Oxford: Oxford University Press.
- Pearce, Michael. 2001. “Getting behind the image”: Personality politics in a Labour Party election broadcast. *Language and Literature* 10,3:211–228.
- Perez, Sarah. 2018. *Twitter’s doubling of character count from 140 to 280 had little impact on length of tweets*. <https://techcrunch.com/>.
- Podesva, Robert J. 2007. Phonation type as a stylistic variable: The use of falsetto in constructing a persona. *Journal of Sociolinguistics* 11,4:478–504.
- Purnell, Thomas, Eric Raimy og Joseph Salmons. 2009. Defining Dialect, Perceiving Dialect, and New Dialect Formation: Sarah Palin’s Speech. *Journal of English Linguistics* 37,4:331–355.
- Sankoff, David og Suzanne Laberge. 1978. The Linguistic Market and the Statistical Explanation of Variability. Í: David Sankoff (ritstj.). *Linguistic variation: Models and methods*, bls. 239–250. New York: Academic Press.
- Schilling-Estes, Natalie. 2002. Investigating Stylistic Variation. Í: J.K. Chambers, Peter Trudgill og Natalie Schilling-Estes (ritstj.). *The Handbook of Language Variation and Change*, bls. 375–401. Oxford (UK), Cambridge (USA): Blackwell.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2017. Nýja þolmyndin nú og þá. Samanburður tveggja kannana. Í: Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. III. Sérathuganir*, bls. 249–282. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Spolsky, Bernard. 2004. *Language Policy*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Spolsky, Bernard. 2009. *Language Management*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Spolsky, Bernard. 2018. A modified and enriched theory of language policy (and management). *Language Policy*. Published online: 05 September 2018. <https://doi.org/10.1007/s10993-018-9489-z>.
- Theódóra A. Torfadóttir. 2017. Ef ég er að skilja þetta rétt. Könnun á notkun *vera að*. Í: Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. III. Sérathuganir*, bls. 39–59. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Vagle, Wenche. 1991. Radio language – spoken or written? *International Journal of Applied Linguistics* 1,1:118–131.
- Zhang, Qing. 2005. A Chinese yuppie in Beijing: Phonological variation and the construction of a new professional identity. *Language in Society* 34,3:431–466.



- Þóra Björk Hjartardóttir. 2020. Allur er varinn góður. Orðið *hvað* sem orðræðuögn. *Orð og tunga* 22:1–18.
- Þórhallur Eyþórsson. 2017. Frumlagsfall er fararheill. Um breytingar á frumlagsfalli í íslensku og færeysku. Í: Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. III. Sérathuganir*, bls. 295–313. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þórunn Blöndal. 2004. Endurgjöf í samtölum. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 26:123–145.
- Þórunn Blöndal. 2005a. *Lifandi mál. Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Þórunn Blöndal. 2005b. Orðræðugreining og setningafræði. Í: Höskuldur Þráinsson (ritstj.). *Setningar. Íslensk tunga III*, bls. 677–695. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

## Lykilorð

innri breytileiki, málsnið, málnotkunarhæfni, hlustendamiðun, félagsleg merking

## Key words

intra-speaker variation, style, sociolinguistic competence, audience design, social meaning

## Abstract

Research was carried out into the language use of an Icelandic adult male speaker, the talk show host, former politician and urbanist Gísli Marteinn Baldursson. Three different text genres were analysed: his tweets (4.500 words), his blogs (4.500 words), and text excerpts spoken by him as host in two televised interviews (1.100 words). The study shows that there is clear variation between the different genres in this informant's speech (intra-speaker variation), and it is shown how, by means of sociolinguistic competence, the informant employs, switches between, and adapts different styles.

The language use is shaped by varying communication situations, potential readers/viewers, the social meaning conveyed, and the three different personae the informant shapes and projects on each different occasion. The variation manifests itself in lexical choices, syntactic structures, and utterance types.

Ari Páll Kristinsson  
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Laugavegi 13  
IS-101 Reykjavík  
ari.pall.kristinsson@arnastofnun.is

